

**22. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
29. desember 2015 og hófst hann kl. 17:30**

**Fundinn sátu:**

Ingbór B. Þórhallsson formaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Kristinn Pétursson aðalmaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður og Anna Leif Elíadóttir verkefnisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Anna Leif Elíadóttir, Verkefnastjóri menningarmála.

**Fyrir tekið:**

**1. 1512246 - Yfirlit yfir verkefni menningarmála á Akranesi**

Verkefnastjóri lagði fram yfirlit yfir fjölbreytt verkefni menningarmála. Menningar- og safnanefnd ræddi um verkefnin sem framundan eru.

**2. 1509390 - Styrkir vegna menningar-, íþrótt- og atvinnumála 2016**

Umfjöllun um styrkumsóknir.

Menningar- og safnanefnd fjallaði um styrkumsóknir til menningarmála sem voru 16 talsins, samtals að upphæð 5.754.000 kr. Alls eru 2.000.000 til úthlutunar til menningarmála. Nefndin mun fjalla áfram um málið á næsta fundi sínum.

**3. 1512248 - Síbería - listaverk á Breið**

Menningar- og safnanefnd leggur til við bæjarráð að gengið verði frá kaupum á listaverkinu Síberíu af Elsu Maríu Guðlaugsdóttur og fagnar frumkvæði listamannsins. Einnig leggur nefndin til við bæjarráð að verkinu verði fundinn framtíðarstaður í samráði við garðyrkjustjóra og listamanninn sjálfan.

**4. 1512253 - Írskir dagar 2016**

Menningar- og safnanefnd óskar eftir því að bæjarstjóri hefji undirbúning að ráðningu verkefnisstjóra fyrir Írskum daga 2016 í samráði við nýjan forstöðumann menningar- og safnamála.

**5. 1512247 - Verkefnastjóri menningarmála kvaddur**

Fulltrúar í menningar- og safnanefnd vilja færa Önnu Leif Elíadóttir, verkefnastjóra menningarmála hjá Akraneskaupstað, sérstakar þakkir fyrir frábært samstarf. Það hefur verið sérstaklega gott að leita til hennar, hún hefur verið ráðagóð, drifandi, samstarfsfús og hugsað lausnamiðað auk þess að vera óeigingjörn á tíma sinn; í alla staði gott að vinna með henni. Anna Leif hefur ávallt staðist fjárhags- og tímaramma í vinnu sinni. Við viljum færa henni kærar kveðjur og óska henni velfarnaðar í hverju því sem hún tekur sér fyrir hendur.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.**

Kristinn P.  
Ingbór B. Þórhallsson  
Guðmundur Claxton  
Anna Leif Elíadóttir